

Mánudaginn 22. nóvember 1976.

Nr. 46/1975. **Guðný Vilhelmína Karlsdóttir**

(Sigurður Helgason hrl.)

gegn

Fanneyju Vilhjálmsdóttur Krebs

Guðnýju Kristínu Vilhjálmsdóttur Einarsson

Maríu Vilhjálmsdóttur

Sólrúnu Vilhjálmsdóttur og

Þórarni Vilhjálmsyni

Börnum Einárs Vilhjálmssonar, þeim

Birnu Einarsdóttur

Gunnari Einarssyni

Hrafnhildi Einarsdóttur

Karli Axel Einarssyni

Kristjáni Einarssyni

Maríu Einarsdóttur

Rúnari Einarssyni og

Vilhjálm Einarssyni, og

(Gústaf Ólafsson hrl.)

Unnsteini Beck skiptaráðanda í Reykjavík

f. h. dánarbús Karls Axels Vilhjálmssonar

(enginn).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Lúdvík Ingvarsson.

Erfðamál. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. mars s. á. Krefst hún þess, að viðurkenndur verði erfðaréttur sinn eftir Karl Axel Vilhjálmsson sem barns hans og dánarbúi hans skipt samkvæmt því. Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún fékk leyfi dómsmálaráðuneytis til gjafsóknar fyrir Hæstarétti 23. janúar 1975.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og

að áfrýjandi verði dæmd til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru uppi hafðar á hendur Unnsteini Beck skiptaráðanda, og af hans hálfu eru eigi gerðar kröfur í málinu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Er þar á meðal vottorð Sigríðar Gísladóttur 16. september 1975. Í því skýrir vottorðsgjafi svo frá, að haustið 1939 hafi Karl heitinn Vilhjálmsson komið á heimili hennar og sýnt henni mynd af stúlku, er hann kvað vera dóttur sína. Nokkrum árum síðar hafi hún séð „samskonar mynd á heimili Maríu Vilhjálmsdóttur, og skýrði hún mér frá því, að þetta væri mynd af Guðnýju Karlsdóttur, sem væri bróðurdóttir sín“. Vottorðið staðfesti Sigríður í skiptarétti Reykjavíkur 5. nóvember s. á. Sama dag kom María Vilhjálmsdóttir fyrir skiptaréttinn. Kvað hún sig ekki minnst þess að hafa sýnt Sigríði mynd af Guðnýju, og eigi kannaðist hún við þau orðaskipti þeirra á milli, sem Sigríður víkur að í vottorði sínu.

Einar Vilhjálmsson, bróðir Karls Vilhjálmssonar, andaðist 25. apríl 1973, en börn hans átta eru meðal áfrýjenda málsins.

Karl heitinn Vilhjálmsson andaðist 24. apríl 1973, en eiginkona hans 1. október 1972. Höfðu þau hjón gert gagnkvæma erfðaskrá 8. febrúar 1955.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, reisir áfrýjandi tilkall sitt um arf eftir Karl á því, að hún sé dóttir hans óskilgetin. Samkvæmt 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sem við eiga um arf eftir Karl heitinn, erfir óskilgetið barn föður, „ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn“. Í máli þessu er eigi til að dreifa gögnum um lögformlega viðurkenningu Karls heitins Vilhjálmssonar um, að hann sé faðir áfrýjanda, og dómur um faðernið hefur eigi gengið. Málssóknin er eigi á því reist, að móðir áfrýjanda og Karl heitinn hafi búið samvistum með þeim hætti, að jafngilt geti faðernisviðurkenningu sem grundvelli að erfðarétti, sbr. 2. málsg. 36. gr. laga nr. 46/1921.

Með vísan til framanritaðs og ótvíræðs orðalags 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962 ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 23. október 1974.

Karl Axel Vilhjálmsson, fyrrum loftskreytamaður, andaðist að DAS, Hrafnistu, 24. apríl 1973. Lögheimili hans mun hafa verið að Dunhaga 17 hér í borg. Hann hafði verið kvæntur Guðnýju Guðjónsdóttur, Dunhaga 17, en hún andaðist 1. okt. 1972. Dánarbú hennar var enn óskipt, þegar Karl andaðist. Þau hjónin, sem voru barnlaus, höfðu gert sameiginlega og gagnkvæma arfleðsluskrá 8. febrúar 1955 þess efnis, að hvort þeirra, sem lengur lifði, skyldi erfa hitt að öllum eftirlátnum eignum þess, föstum og lausum, að engu undanskildu. Um arf eftir það, sem lengur lifði, var einskis getið.

Dánarbú Karls Axels, eða nánar þeirra hjóna, þar sem dánarbú Guðnýjar var óskipt við lát hans, var skrifað upp 10. maí 1973. Eignir búans voru sparifjárinnstæður og veðskuldabréf, samtals 18—19 hundruð þúsund króna að verðmæti.

Opinber skipti í dánarbúinu voru ákveðin í þinghaldi 17. maí 1973. Innköllun til erfingja og skuldheimtumanna var gefin út 27. júní og seinast birt í Lögbirtingablaði 1. ágúst s. á. En erfingjar hafa gefið sig fram: Sóknaraðili máls þessa, Guðný Vilhelmína Karlsdóttir, Skólabraut 1, Seltjarnarnesi, fimm systkini látna Karls og 8 bróðurbörn hans svo og systir látnu Guðnýjar, Sigríður Guðjónsdóttir. Öll eru þau fjárráða.

Guðný Vilhelmína Karlsdóttir gerir arfstilkall í dánarbúið sem dóttir látna Karls Axels, en systkini hans og systkinabörn, sem mundu arfborin eftir hann að Guðnýju Vilhelmínu frá genginni, hafa mótmælt arfstilkalli hennar. Sá ágreiningur er hér til úrskurðar.

Gerir sækjandi, Guðný Vilhelmína Karlsdóttir, þær kröfur í greinargerð, að því verði slegið föstu með úrskurði skiptadóms, að hún sé dóttir látna Karls Axels Vilhjálmssonar og að skipti á dánarbúi hans fari samkvæmt því. Við munnlegan flutning máls-

ins gaf lögmaður sækjanda þá skýringu, að kröfugerðina beri að skilja svo, að því yrði slegið föstu, að umbjóðandi hans ætti arftökurétt eftir látna Karl Axel sem dóttir hans.

Málskostnaðar krefst sækjandi úr dánarbúinu að mati dómsins.

Skylðmenni látna Karls Axels, sem mótmælt hafa kröfu sækjanda og tekið til varna í málinu, eru: Sólrún Vilhjálmsdóttir, Hringbraut 89, Keflavík, Þórarinn Vilhjálmsson, Hlíðarvegi 16, Reykjavík, María Vilhjálmsdóttir, Nýbýlavegi 10, Kópavogi, Kristín Vilhjálmsdóttir Einarsson, Tjarnarstíg 9, Seltjarnarnesi, Fanney Krebs, Lövegade 79, Slagelse, Danmörku, sem öll eru systkini hins látna, og með þeim standa að málinu eftirtalin börn látins bróður hans, Einars Vilhjálmssonar: Birna Einarsdóttir, Fannarfelli 4, Reykjavík, Vilhjálmur Einarsson, Goðatúni 3, Garðahreppi, Rúnar Einarsson, Sunnuflöt 7, Garðahreppi, Kristján Einarsson, Grundarstíg 16, Sauðárkróki, Karl Axel Einarsson, Markholti 5, Mosfellssveit, Gunnar Einarsson, Skipasundi 31, Reykjavík, María Einarsdóttir, Karfavogi 56, Reykjavík, og Hrafnhildur Einarsdóttir, Strandflöt 35, Hafnarfirði.

Kröfur verjenda í málinu eru þær, að hrundið verði erfðakröfu sækjanda og þeim úrskurðaður málskostnaður úr hennar hendi að mati dómara.

Sigríður Guðjónsdóttir, systir látnu Guðnýjar, sem gert hefur arfstilkall í dánarbúið, hefur ekki gerst aðili að máli þessu, en gerir áskilnað um, að hún haldi við arfstilkall sitt allt að einu, og varnaraðiljar áskilja sér rétt til að taka afstöðu til þeirrar kröfu hennar síðar, þegar úrslit þessa máls eru kunn.

Málavextir eru þessir: Sóknaraðili fæddist 3. júní 1922 og var skírð 3. júní 1923. Móðir hennar, Ágústína Eggertsdóttir, átti þá samkvæmt prestsþjónustubók heima í Þingholtsstræti 28 hér í borg. Samkvæmt sömu heimild lýsti hún við skírnina látna Karl Axel Vilhjálmsson föður að barninu. Ekki er fullvíst, hvar Ágústína átti heima næstu árin, en ekki var um sambúð þeirra Karls Axels að ræða, þótt þau kunni um einhvern tíma að hafa búíð í sama húsi. Samkvæmt manntali Reykjavíkur árið 1925 býr Ágústína með dóttur sína að Lokastíg 28. Þar bjuggu þá foreldrar Karls Axels, Vilhjálmur Bjarnason og Guðný Magnúsdóttir. Ekki er ljóst, hvenær þær mæðgur fluttust á Lokastíginn, en sóknaraðili telur í greinargerð, að þær hafi búíð þar árin 1924—1926. Á þeim tíma bjó Karl Axel ekki hjá foreldrum sínum, nema e. t. v. um skeið á árinu 1926.

Engar skriflegar viðurkenningar hafa komið fram í málinu, er

stafa frá Karli Axel, um faðerni sóknaraðilja. Vitnisburður og önnur gögn, sem sækjandi byggir á kröfu sína, verða rakin hér á eftir.

Á skattframtali sínu, dags. 15. febrúar 1923, fyllir Karl Axel út eyðu fyrir börn á framfæri framteljanda með tölunni 1. Nafns barnsins getur hann ekki. Framtöl árána 1924—1926 liggja ekki fyrir. Á framtölum 1927—1931 er einskis barns getið, en á framtali 1932 telur hann eitt barn á framfæri sínu án nánari skýringa. Skattstofan setur við þetta athugasemd „ekki M“, sem samkvæmt skýringum starfsmanna skattstjóra tákna, að ekki sjáist, að framteljandi hafi greitt meðlag með barni á skattárinu (þ. e. 1931). Eftir þetta mun ekki hafa komið fyrir, að Karl Axel telji sér barn á framfæri á skattskýrslum.

Nokkrar vitnaskýrslur hafa verið gefnar í málinu og eru í meginatriðum þannig: Sólveig Ólafsdóttir, systkinabarn við Ágústínu Eggertsdóttur, sem starfaði með henni á veitingastofunni Uppsölum hér í borginni árið 1920 og bjó með henni á árinu 1922 eftir fæðingu sóknaraðilja, segir sér hafa verið kunnugt um nán kynni Karls Axels og Ágústínu á þessum tíma og að Karl hafi komið með kunningja sinn í heimsókn til að sýna honum dóttur sína.

Nikulás Marel Halldórsson var samtímis Karli Axel í Noregi árið 1920, en það ár og fram á sumar 1921 stundaði Karl nám á alþýðuskóla þar í landi á vegum fósturforeldra Nikulásar. Hann frétti fyrst hjá þeim, að Karl hefði eignast dóttur, og telur þau hafa haft þá frétt úr bréfi frá Karli sjálfum, en ekki sá vitnið það bréf. Eftir að vitnið kom aftur hingað til lands, árið 1926, minnst hann þess, að systir fósturmóður hans sýndi honum telpu, sem hún sagði vera dóttur Karls Axels.

Katrín Ólafsdóttir, sem átti heima í veitingahúsinu Uppsölum, þegar Ágústína starfaði þar tvívegis á árunum 1920—1922, telur sig vita um samdrátt Ágústínu og Karls Axels á þessum tíma, en meira verður ekki ráðið af framburði hennar um kynni þeirra. Á sömu lund er vottorð Valgerðar Einarsdóttur, sem var skyld húsráðendum á veitingastofunni Uppsölum og vel kunnug þar á þessum tíma.

Jósef Eggertsson, móðurbróðir sækjanda, kynntist Karli Axel um það leyti sem sækjandi fæddist og telur sig hafa verið í nánnum kunningsskap við hann eftir það svo og við foreldra hans, eftir að systir vitnisins fluttist með dóttur sína að Lokastíg 28. Hann fullyrðir, að Karl Axel hafi tjáð foreldrum sínum, að hann

væri faðir sækjanda, enda hafi hann umgengist hana sem dóttur og talað um móður hennar, systur vitnisins, sem barnsmóður sína.

Björn Eggertsson gefur vottorð um, að hann hafi verið viðstaddur eitt sinn, er Karl Axel kom með systur sína til Ágústínu Eggertsdóttur til að sýna henni dóttur sína. Björn þessi var skipsfélagi Karls Axels og föður hans á fiskiskipi og tjáir hann, að Karl hafi oft spurt sig um dóttur sína, þ. e. sækjanda. Einnig segir hann, að faðir Karls hafi beðið sig að hafa milligöngu um, að hann og kona hans fengju sækjanda til fósturs, þar eð hún væri fyrsta barnabarn þeirra, en þessu hafi móðir hennar ekki viljað sinna.

Þá hafa komið fram nokkrar skýrslur í málinu frá varnaraðiljum: María Vilhjálmsdóttir segir foreldra sína munu hafa talið sækjanda dóttur Karls bróður síns, þótt hún heyrði þau aldrei tala um það. Sjálf virðist María einnig hafa talið sækjanda vera dóttur Karls Axels, en hún segist þó aldrei hafa heyrt hann tala um sækjanda sem dóttur sína. Í sömu átt gengur vitnisburður Sólrúnar Vilhjálmsdóttur, sem þó segist hafa það eftir móður sinni, að sækjandi væri dóttir Karls Axels. Guðný Kristín Vilhjálmsdóttir Einarsson segir, að í fjölskyldu sinni hafi verið talað um sækjanda sem dóttur Karls Axels. Þetta segist hún hafa fært í tal við Karl Axel nokkru fyrir andlát hans, um það leyti sem hann var að selja íbúð sína að Dunhaga 17. Karl hafi þá tjáð sér, að hann hefði aldrei gengist við neinni dóttur, og varðandi ráðstafanir á eignum sínum hafi hann sagt, að hann gengi frá þeim málum. Fanney Vilhjálmsdóttir Krebs, sem hefur verið búsett erlendis í áratugi, gefur vottorð um, að hún hafi haldið, eins og systkini hennar, að sækjandi væri dóttir Karls Axels, en bætir við, að sjálfur hafi hann alla tíð sagt, að hún væri ekki dóttir hans.

Ekki liggja fyrir gögn um, að látni Karl Axel hafi greitt meðlag með sækjanda. Áður eru raktar þær ófullkomnu bendingar, sem skattskýrslur gefa um þetta atriði.

Rannsóknastofa Háskólans hefur unnið úr blóðsýnum Karls Axels og sækjanda. Samkvæmt skýrslu Ólafs Bjarnasonar, dr. med., dskj. nr. 31, er til takmörkuð flokkun á blóði Karls Axels og fullkomin flokkun á blóði sækjanda, en engin flokkun á blóði móður hennar. Af þessum upplýsingum telur dr. Ólafur, að litlar ályktanir verði dregnar um mögulegan skyldleika sækjanda og látna Karls Axels, en niðurstöður útiloka ekki, að þau séu feðgin.

Sækjandi styður erfðakröfu sína eftirtöldum atriðum: Hún

telur Karl Axel Vilhjálmsson hafa gengist við faðerni sínu og um það muni hafa verið til skrifleg gögn, sem þó hafi ekki fundist til framlagningar í málinu. Þessari staðhæfingu til stuðnings sé það hins vegar, að fjölskylda Karls Axels hafi alla tíð viðurkennt frændsemi við hana og gengið út frá því sem staðreynd, að hún væri dóttir hans. Hún sé heitin nöfnum beggja foreldra Karls Axels, hafi í bernsku dvalist á heimili þeirra um 2 ára skeið með móður sinni og notið umsjár þeirra, þegar móðir hennar var að heiman vegna starfa sinna. Einnig komi þessi afstaða fjölskyldunnar fram í kveðjum og árnaðaróskum á merkisdögum í lífi hennar. Aldrei hafi verið bornar brigður á þessi ættartengsl innan fjölskyldunnar fyrr en eftir andlát Karls Axels. Í þessu sambandi bendir sækjandi á, að hún hafi ávallt kallað foreldra Karls Axels afa og ömmu og á gamals aldri þeirra hafi hún veitt þeim mjög verulega aðstoð og umönnun á heimili þeirra. Loks telur sækjandi, að Karl Axel hafi, um skeið a. m. k., greitt meðlag með henni, og bendir í því sambandi á skattframtöl hans, sem áður greinir, þar sem komi fram viðurkenning hans á meðlagsgreiðslu og þar með viðurkenning á, að hún sé dóttir hans. Sækjandi leggur áherslu á, að svo sem á stóð, hafi ekki verið ástæða fyrir móður hennar, eða þær mæðgur, að leita frekari staðfestingar á faðerni hennar, enda muni það hafa verið og vera enn trú margra kvenna, að til staðfestingar faðerni sé nægileg einhliða lýsing móðurinnar fyrir presti ásamt skráningu faðernisins í kirkjubók. Telur sækjandi, að þau gögn, sem fram hafa komið í málinu, eigi að nægja til að viðurkenna arftökurétt hennar eftir látna Karl Axel.

Af hálfu verjanda er því mótmælt, að Karl Axel Vilhjálmsson hafi viðurkennt faðerni sækjanda í orði né verki. Slík viðurkenning geti ekki byggst á því, hver viðhorf skyldmenna hans kunni að hafa verið til málsins, enda sé ekkert fram komið, sem staðfesti, að hann hafi sjálfur gefið þar tilefni. Verjendur benda einnig á, að lög setji skýrar reglur um, hvornig faðernisjátning skuli gerð, svo hún stofni til erfðaréttar. Þeim skilyrðum sé hér engan vegin fullnægt.

Þegar sóknaraðili þessa máls fæddist, giltu um erfðarétt óskilgetinna barna eftir föður og föðurfrændur, byggðan á faðernisjátningu, 36. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 46 frá 1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Nú gilda um þetta ákvæði 1. tölul. 1. gr. erfðalaga nr. 8 frá 1962, sbr. 3. gr. laga nr. 87 frá 1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Þessi ákvæði gera ráð fyrir

því, að til þess að faðernisjátning verði metin gild sem grundvöllur fyrir erfðarétti barns, þurfi hún að vera gerð fyrir presti eða valdsmanni eða bréfléga og vottfest.

Samkvæmt prestsþjónustubók Reykjavíkur (dskj. nr. 2) liggur ekki fyrir faðernisjátning látna Karls Axels Vilhjálmssonar, þegar sækjandi var skírð 3. júní 1923. Engin gögn eru um síðari viðurkenningu hans fyrir valdsmanni eða presti. Önnur gögn, sem fram eru komin í málinu, vitnisburðir, skattskýrslur, bréf og símskeyti, hafa ekki að geyma sönnunargögn um faðernisjátningu, er fullnægja þeim lagaboðum, sem vitnað er til hér að framan. Skilyrði eru því ekki til að veita sækjanda erfðarétt eftir látna Karl Axel Vilhjálmsson, og verður krafa hennar um það ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kveður upp úrskurð þennan. Uppsaga hans hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Guðnýjar Vilhelminu Karlsdóttur, um arf eftir látna Karl Axel Vilhjálmsson er synjað.

Málskostnaður fellur niður.
